



Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skýrslu hollensku loft- og geimferðarstofnunarinnar um flugöryggi vegna byggðar í Skerjafirði.

Á fundi borgarráðs 11. febrúar sl. lögðu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hefur Isavia sent borginni skýrslu hollensku loft- og geimferðarstofnunarinnar vegna áhrifa fyrirhugaðrar byggðar í Skerjafirði á flugöryggi. Ef svo er hvenær var það gert og hvers vegna hefur hún ekki verið kynnt kjörnum fulltrúum?

Á fundi borgarráðs 18. febrúar sl. var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. febrúar 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 10. febrúar 2021 á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna byggðar í Skerjafirði, ásamt fylgiskjölum. Einnig var lögð fram skýrsla hollensku loft- og geimferðastofnunarinnar til Isavia dags. ágúst 2020, ásamt minnisblaði Isavia, dags. 9. september 2020. Gögn málsins og þ.m.t. umrædd skýrsla hafa verið aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar frá þeim degi.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar